



## **321. fundur Afrekssjóðs ÍSÍ**

### **11. nóvember 2024 kl. 17.00**

#### **Mætt öll á Teams:**

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Guðrún Inga Sívertsen (GS), Stefán Jóhannesson(SJ), Sigrún Ámundadóttir (SÁ)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð. Kristín Birna Ólafsdóttir(KÓ), Vésteinn Hafsteinsson(VH), Brynja Guðjónsdóttir (BG) starfsmenn Afrekssviðs.

#### **1. Úthlutun ársins 2025**

Ræddir voru einstaklingsstyrkir en fyrstu drög að tillögum um styrki til einstaklinga lágu fyrir frá Afrekssviði. Er Afrekssvið enn að vinna í tillögunum og í töluverðu sambandi við sérsamböndin vegna þessa. Nokkur sérsambönd hafa nefnt hugmynd um að einstaklingsstyrkir verði eyrnamerkir á lið en ekki einstaklinga. Stjórn sjóðsins hugnast það ekki sérstaklega og vill síður breyta fyrirkomulaginu við einstaklingsstyrkina núna þegar stutt er í að nýtt fyrirkomulag um stuðning við afreksstarf breytist með tilkomu nýs fjármagns.

VH, KÓ og BG yfirgáfu fundinn kl. 17.40

Búið er að setja allar upplýsingar úr umsóknum sérsambandanna inn í vinnuskjal vegna úthlutunar. Farið var yfir helstu forsendur í úthlutun. M.a. rædd úthlutun í einstökum afreksþáttum og til sérsambanda í heild. Skoðaður samanburður við fyrri ár, metin afrek og heildarsýn afreksstarfs sérsambanda.

Nokkrar umræður fóru fram um úthlutunarfjárhæð til einstakra sérsambanda sem skoða þarf frekar.

Fundi slitið kl. 18.25